

# Reglugerð um Íslandsgöngur

1. Keppnin heitir Íslandsgangan.
2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sex sjálfstæðum almenningsgöngum á skíðum á sama vetri.
3. Stig þátttakanda eru þannig reiknuð:

<b>1.sæti</b>	50 stig	<b>11.sæti</b>	10 stig
<b>2.sæti</b>	44 stig	<b>12.sæti</b>	9 stig
<b>3.sæti</b>	38 stig	<b>13.sæti</b>	8 stig
<b>4.sæti</b>	33 stig	<b>14.sæti</b>	7 stig
<b>5.sæti</b>	28 stig	<b>15.sæti</b>	6 stig
<b>6.sæti</b>	24 stig	<b>16.sæti</b>	5 stig
<b>7.sæti</b>	20 stig	<b>17.sæti</b>	4 stig
<b>8.sæti</b>	17 stig	<b>18.sæti</b>	3 stig
<b>9.sæti</b>	14 stig	<b>19.sæti</b>	2 stig
<b>10.sæti</b>	12 stig	<b>20.sæti og aftar</b>	1 stig

4. Samanlögð stig úr öllum mótum ráði úrslitum. Séu keppendur jafnir að stigum skal sá teljast fremri sem hefur fleiri 1.sæti, 2.sæti o.s.frv.
5. Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum.

Konur	16-34 ára	35-49 ára	50-59 ára	60 ára og eldri
Karlar	16-34 ára	35-49 ára	50-59 ára	60 ára og eldri

15 ára og yngri er óheimil þátttaka í 20 km eða lengri vegalengd í Íslandsgöngunni. Færsla á milli flokka er óheimil. Að auki hljóti allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna í hverri



grein.

6. Stefnt skal að því að móttin fari sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til Skíðagöngunefndar SKÍ fyrir 1. september. Skíðagöngunefnd og trimmnefnd hennar, ákveður hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.
7. Skíðagöngunefnd SKÍ og trimmnefnd hennar, er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina, auglýsir hana í byrjun vetrar og birtir stigagjöf að lokinni hverri göngu og úrslit að lokinni síðustu göngu vetrarins.
8. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts fyrir sig auglýsir mótið og birtir sín úrslit í fjölmiðlum og tilkynnir þau skriflega til SKÍ og Skíðagöngunefndar SKÍ og trimmnefndar hennar, innan viku frá því gangan fór fram.
9. Þátttakendur greiða mótagjald skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvert göngumót Íslandsgöngunnar. Mótshaldara er heimilt, til viðbótar mótagjalda, að innheimta hóflegt þáttökugjald er taki mið af umfangi móts.
10. Skautaskrefið er bannað í almenningsgöngum þeim, sem standa að Íslandsgöngunni. Þó má skauta við eftirfarandi aðstæður: Í kröppum beygjum, þegar skipt er um spor og brautarhelming.
11. Legu brautar í Íslandsgöngunni skal miða við að um almenningsgöngu er að ræða. Lágmarka skal hæðarmun eins og kostur er, tryggja skal að rými sé til að halda aftur af hraða á leið niður brekkur og radíus í beygjum sé það stór að ekki sé erfitt að standa í spori í gegnum beygjur.
12. Að öðru leyti gilda mótareglur SKÍ um mótahald og keppni.

Samþykkt á Skíðapingi 13.maí 2017